

**Ed.**

**71. Frumvarp til laga**

[53. mál]

um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Í stað orðanna „Af því, sem umfram kann að vera, greiðist skattur samkvæmt gildandi lögum, án skattsektar“ í niðurlagi 3. mgr. 17. gr. laga nr. 67 5. júní 1947, komi:

Því, sem umfram kann að vera, skal skipta jafnt á skattárin 1942—1946 og reikna skatt af hverjum hluta sem viðbótartekjum og viðbótareign fyrir hvert ár, þó þannig, að skatturinn fyrir öll árin nemi ekki minna en 15% af hinni undandregnu eign.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það kom strax í ljós, eftir að lög um eignakönnun voru samþykkt, að mismunandi sjónarmið voru uppi um það, hvernig skilja bæri 17. gr. laganna, þ. e. hvernig skattleggja bæri undandregnar eignir, sem væru fram yfir 45 þús. kr. Sumir hafa viljað halda því fram, að greiða bæri aðeins eignarskatt af því, sem umfram væri. Þetta getur varla hafa verið tilætlun löggjafans. Það er gagnstætt öllum reglum og venjum um skattlagningu að skattstiginn lækki, þegar skattstofnin hækkar. Annað sjónarmið er það, að því, sem er umfram 45 þús. kr., verði bætt við tekjur ársins 1947, og skattar lagðir á samkvæmt því. Þetta hefði að vísu gefið ríkissjóði mestar tekjur, en varla gæti það talizt vera í anda laganna. Þriðja sjónarmiðið var að skipta umframeigninni jafnt niður á fimm ár, í líkingu við ákvæði 10. gr. laga nr. 20 20. maí 1942, og bæta henni við skattskyldar tekjur og eignir árunna 1942—1946, að háðum árum meðtöldum. Þó þykir eðlilegt, að skattur af þeirri upphæð verði ekki undir 15% að meðaltali, þar sem greiða skal þann hundræðshluta af 35—45 þús. kr. undandreginni eign. Þessa síðastnefndu leið hefur framtalsnefndin valið með samþykki fjármálaráðuneytisins og úrskurðað skatt samkvæmt þeim skilningi, þar sem þessi tilvik hafa komið fyrir. En með því að þessi óvissa hefur verið um skilning á umræddri lagagrein og margs konar óþægindi, málaferli, kostnaður og tafir gætu hlotizt af, bæði fyrir ríkissjóð og einstaklinga, ef gleggri skýringarákvæði yrði ekki sett, þykir rétt, að sá skilningur, sem framtalsnefndin hefur til þessa farið eftir, verði lögfestur.